

Ennfremur áskilur Eskifjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á öllu landi og mannvirkjum fyrir botni fjarðarins og í dalnum.

Samþykkt þessi, sem bæjarráð Eskifjarðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, sbr. lög nr. 22/1923, öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Þórshafnarhreppi í Norður-Píngeyjarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um að öll störf sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og verðbréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og önnur skjöl og hvað annað sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim sem um getur í 5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það sem nauðsynlegt er hverju sinni og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsam-

þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Hreppsnefnd ákveður hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin skal af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum leggur vatnsveitan heimæð að stofnhana húss. Vatnsæð er lögð í skurðstæði holræsalagnar.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Ölfushrepps í Þorlákshöfn, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum